


Stutt og laggóð umsögn að máli nr. 317/2019 Frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð

Til að byrja með þá langar mig að taka fram að ég fagna komu bæði Þjóðgarðastofnunar (sem mætti ef til vill heita Nárrúruvernd Ríkisins eða eitthvað álíka – hitt hljómar voðalega þunglamalega) og Hálandisþjóðgarðs. Að Ísland skuli búa yfir slíku landsvæði að hægt sé að stofna þjóðgarð á svo stóru svæði er einstakt.

Í praktík þá er ég hugsi yfir mörkum rekstrarsvæða fyrirhugsaðs Hálandisþjóðgarðs. Svæðin eru sex talsins og eru mörkin ákvörðuð út frá landfærðilegum forsendum, reynslu af samvinnu nærliggjandi samfélaga og aðkomu að hálendi Íslands.

Á meðfylgjandi mynd er tillaga nefndarinnar að rekstrarsvæðum Hálandisþjóðgarðs. Í sjálfu sér eru Austur, Norðaustur og Norðvestur með ágæt mörk. Mörk Vestursvæðis, Suðvestursvæðis og Suðaustursvæðis mætti að mínu mati skoða betur. Innan Suðaustursvæðis er bæði að finna Skaftafell og Jökulsárlón sem mætti kalla „skrímsli“ í íslenskri ferðþjónustu. Af eigin reynslu finnst mér glapræði að ætla að hafa Suðaustursvæði að þessari stærð miðað við þá ferðamannastaði sem þar finnast (Lakagígar, Jökulsárlón, Skaftafell o.fl.). Eðlilegar væri að hafa skiptingu í þessa áttina; Vestursvæði (Borgarbyggð, Bláskógarbyggð, Hrunamannahreppur og Skeiða og Gnúpverjahreppur), Suðvestursvæði (Ásahreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur) og Suðaustursvæði (Sveitafélagið Hornafjörður)



Af eigin reynslu tel ég þetta heppilegra fyrirkomulag í daglegu amstri og rekstri svæðanna en þarfir svæðanna eru gríðarlega ólík. Núverandi Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs er nú þegar stórt í sniðum og að auka það umfang tel ég óhentugt fyrir daglegan rekstur og utanumhald. Lakagígar, Fjallabak og önnur svæði vestan við Vatnajökul sóma sig vel saman á sama svæðinu, Suðvestursvæði.

Hrafnhildur Ævarsdóttir

Landvörður